*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf upphaflega að fjárhæð kr. 68.000 útg. þann 21. apríl 1987 af þeim Ísrúnu Albertsdóttur, (nnr. 4833-4601), kt. 080566-3019 og Óðni Albertssyni, (nnr. 6705-2439), kt. 110668-3099, tryggt með 3. veðrétti (nú áhvílandi á 1. veðrétti) í 3ja herb. íbúð á 2. hæð í forhúsi að Laugavegi 40 í Reykjavík. Auðkennisnúmer eignar í þinglýsingarbókum er M-0202. Bréf þetta er nr. 004896.

*Málsaðild:* Stefnandi var eigandi framangreindrar eignar og afsalaði henni til núverandi eiganda með afsali dags. 24. júlí 2003 og bar samkv. kaupsamningi dags. 20. maí 2003 og afsali að aflétta skuldabréfi þessu af eigninni.

*Málsástæður:* Skuldabréfið var gefið út af þeim Ísrúnu Albertsdóttur og Óðni Albertssyni til handhafa. Bréfið var tryggt með 3. veðrétti og samhliða bréfinu á 3. veðrétti voru þrjú samhljóða bréf að sömu fjárhæð. Stefnandi kveður öll þessi fjögur veðskuldabréf greidd að fullu og hefur þremur þeirra verið aflýst af eigninni en frumrit þessa eina veðskuldabréfs er glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Vegna þessa hefur ekki verið unnt að afmá það úr veðmálabókum og sé stefnanda því brýn nauðsyn á að fá það ógilt með dómi svo unnt sé að aflétta því af eigninni.

*Lagarök:* Um lagarök vísar stefnandi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 120. og 121. gr. XVIII. kafla þeirra laga.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Eintak Lögbirtingablaðs er stefna þessi birtist í.
4. Veðbókarvottorð fasteignar.
5. Afrit kaupsamnings.
6. Ljósrit veðskuldabréfs.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa ofangreint veðskuldabréf í fórum sínum, eða telur til réttar yfir bréfinu, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður fimmtudaginn 11. desember 2003 kl. 10.00 árdegis í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins og til að leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu bréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Reykjavík, 24. október 2003.
e.u. **Sigurður H. Stefánsson** héraðsdómari.

(12870

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum 10. október 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Lagarfljótsormurinn hf., kt. 590398-2179, Miðvangi 2-4, Egilsstöðum | 12. sept. 2003 | fimmtudaginn 22. jan. 2004 kl. 14.00 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, Reykjavík á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 17. október 2003.
**Ragnheiður Bragadóttir** hdl.,
skiptastjóri.

(12602 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 14. október 2003 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Söluturnin Kráin ehf., 530993-2649, Boðaslóð 12, Vestmannaeyjum | 7. okt. 2003 | fimmtudaginn 22. janúar 2003 kl. 10.00 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar undirrituðum skiptastjóra að Bárustíg 15, 902 Vestmannaeyjum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bárustíg 15, 3. hæð Vestmannaeyjum á ofangreindum tíma. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum verða lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Vestmannaeyjum, 20. október 2003.
**Helgi Bragason** hdl., skiptastjóri.

(12668 a

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða 16. október 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Birna Jóhanna Jónasdóttir, kt. 180356-0029, Broddanesskóla, 510 Hólmavík | 7. júlí 2003 | föstudaginn 16. jan. 2004 kl. 10.00 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Húnabraut 19, 540 Blönduósi.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Húnabraut 19, Blönduósi, á ofangreindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Blönduósi, 20. október 2003.
**Stefán Ólafsson** hdl.

(12669 a

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, uppkveðnum 21. október 2003, var bú neðangreinds aðila tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Tréskip ehf., kt. 691196-2409, Ennisbraut 55, Ólafsvík | 20. ágúst 2003 | fimmtudaginn 29. janúar 2004 kl. 14.00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgarbraut 61, pósthólf 12, 310 Borgarnesi.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum verða lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

Borgarnesi, 22. október 2003.
**Ingi Tryggvason** hdl.,
skiptastjóri.

(12735 a

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, uppkveðnum 17. október 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Kaffikot ehf., kt. 461201-2530, Lækjarkinn 6, 220 Hafnarfirði | 20. júlí 2003 | 23. janúar 2004 kl. 15.00 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra Bæjarhrauni 2, annarri hæð, Hafnarfirði, á ofangreindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi þar, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hafnarfirði, 24. október 2003.
**Bjarni Lárusson** hdl.

(12764 a

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 24. október 2003 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins.

| Nafn dánarbús: | Dánardagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Db. Þórðar Arnar Helgasonar, kt. 070853-2809, Þórhólsgötu 6, 740 Neskaupstað | 23. júlí 2003 | föstudaginn 16. janúar 2004 kl. 10.00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum á ofangreindum tíma.

Skrá um lýstar kröfur í dánarbúið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Egilsstöðum, 28. október 2003.
**Friðbjörn Garðarsson** hdl.

(12786 a

Stjórn Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf., kt. 630169-2759, hefur borist beiðni um að eftirfarandi hlutabréf í félaginu verði ógilt með vísan til 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

| Nafn: | Nr. hlutabréfs: | Nafnverð: | Útgáfudagur: |
|---|---|---|---|
| Sólrún Aradóttir | H-000108 | 146.038 | 1. des. 1992 |

Á grundvelli 7. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skorar stjórn Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. á hvern þann sem kann að hafa undir höndum ofangreind hlutabréf að gefa sig fram við stjórn félagsins Eyrarvegi 16, 680 Þórshöfn innan 3ja mánaða frá síðari birtingu þessarar áskorunar. Gefi enginn sig fram áður en frestur þessi er liðinn skoðast framangreind hlutabréf ógild og skulu öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt þeim falla niður og ný hlutabréf gefin út til ofangreindra eigenda í þess stað.

Þórshöfn, 29. október 2003.
F.h. stjórnar,
**Elfa Ben** umsjónarm. hluthafaskrár.

(12798 a

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 15. október 2003, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn hvers bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: | |
|---|---|---|---|
| CIC ehf., kt. 701299-3969 | 1. júlí 2003 | 28. janúar 2004 kl. 13.00 | (12865 a |
| Gott land ehf., kt. 420200-2850 | 22. júlí 2003 | 28. janúar 2004 kl. 13.30 | (12866 a |
| Flísar og múr ehf., kt. 630399-2709 | 22. júlí 2003 | 28. janúar 2004 kl. 14.00 | (12867 a |
| Réttingatækni ehf., kt. 680897-2989 | 1. júlí 2003 | 28. janúar 2004 kl. 14.30 | (12868 a |
| Endursk. Alfa ehf., kt. 500970-0229 | 6. júní 2003 | 28. janúar 2004 kl. 15.00 | (12869 a |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúunum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar sendist skiptastjóra á skrifstofu hans að Súðarvogi 3, 104 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra Súðarvogi 3, 104 Reykjavík, á tilgreindum tímum.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi hjá skiptastjóra vikuna fyrir skiptafundi.

Reykjavík, 31. október 2003.
**Smári Hilmarsson** hdl.

**Endurbirt vegna villu.**
Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 3. október 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður er skiptastjóri þrotabúsins.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Laxi ehf., kt. 490793-2839, Hólmaslóð 2, Reykjavík | 13. maí 2003 | 27. janúar 2004 kl. 11.30 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Strandgötu 25, Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra Strandgötu 25, Hafnarfirði á ofangreindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Hafnarfirði, 10. október 2003.
**Jónas Þór Guðmundsso**n hdl.,
skiptastjóri

(12539 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 26. september 2003 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri þrotabúsins.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Styrmir KE 11 ehf., kt. 691097-2939, Víkurbraut 4, 230 Keflavík | 2. júlí 2003 | 15. janúar 2004 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, Reykjavík á ofangreindum tíma.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 21. október 2003.
**Sigurmar K. Albertsson** hrl.

(12725 b

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 30. september 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Vélsmiðja K.Á., kt. 671296-3039, Austurvegi 3-5, Selfossi | 25. febr. 2003 | þriðjudaginn 27. janúar 2004 kl. 10.00 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, pósthólf 168, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

**Endurbirt vegna villu.**

Reykjavík, 24. október 2003.
F.h. Sigurbjörns Þorbergssonar hdl.,
e.u. **Helga Loftsdóttir** hdl.

(12748 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. október 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður hæstaréttarlögmaður var skipaður skiptastjóri þrotabúanna á úrskurðardegi.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Sólrún Sigurðardóttir, kt. 060476-4389 | 6. okt. 2003 | miðvikudaginn 21. janúar 2004 kl. 13.00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda í þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Heiðmörk 59, 810 Hveragerði.

Skiptafundur, sem fjallar um skrá um lýstar kröfur og eftir atvikum ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Heiðmörk 59, 810 Hveragerði, á ofangreindum tíma.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hveragerði, 27. október 2003.
**Andrés Valdimarsson** hrl.

(12769 b

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Landsbanka Íslands hf. eru taldar glataðar:

Aðalbanki: Nr. 262508, 176323, 263909, 264692, 264861, 264862, 265060, 265996, 270090, 277068, 270514, 727735, 730342, 733842 og 774064.
Austurbær: Nr. 109411, 109532, 261673 og 267001.
Árbær: Nr. 64136.
Breiðholt: Nr. 4632 og 6521.
Langholt: Nr. 40400 og 64317.
Háaleiti: Nr. 70888.
Vesturbær: Nr. 65291.
Múli: Nr. 16467, 49632 og 63261.
Selfoss: Nr. 263852.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 stefnist hér með handhöfum ofangreindra sparisjóðsbóka, að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar áskorunar.

Reykjavík, 16. október 2003.
Landsbanki Íslands hf.,
viðskiptabankaþjónusta - miðvinnsla,
**Ásta Árnadóttir.**
**Sólveig Halldórsdóttir.**

(12598 c

# Skiptafundir

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra að Klapparstíg 29, 2. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Komi ekki fram ábendingar um eignir eða önnur réttindi í búinu í síðasta lagi á fundinum mun skiptastjóri ljúka skiptum á búinu með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

| **Nafn bús:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|
| Vestmark ehf., kt. 701274-0169, Eyrargötu 2-4, Ísafirði | föstudaginn 21. nóvember 2003 kl. 10.00 |

Reykjavík, 27. október 2003.
**Þorsteinn Einarsson** hrl.

(12742

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á Lögmannsstofu Arnórs Halldórssonar og Skúla Bjarnasonar sf., Skipholti 50 C, 104 Reykjavík, á neðangreindum tíma.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í síðasta lagi á þeim fundi, má vænta þess að skiptum verði þar lokið með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

| **Nafn bús:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|
| Vidonetið Netvideo, kt. 560595-2209 | miðvikudaginn 19. nóvember 2003 kl. 10.00 |

Reykjavík, 29. október 2003.
**Hjalti Árnason** hdl.

(12877

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði, á neðangreindum tíma.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu. Frumvarpið liggur frammi á fundarstað nú þegar til sýnis fyrir lánardrottna og aðra þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta.

Komi ekki fram andmæli gegn frumvarpinu í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi áætlar skiptastjóri að ljúka skiptum á búinu á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð í þrotabúinu.

| **Nafn bús:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|
| Marhamar ehf., kt. 621099-2219, Hlíðargötu 22, Sandgerði | þriðjudaginn 25. nóvember 2003 kl. 9.00 |

Hafnarfirði, 30. október 2003.
**Ingi H. Sigurðsson** hdl.,
skiptastjóri.

(12890

# Skiptalok

Með úrskurðum héraðsdóms voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í búunum.

Óverulegar eignir fundust í búunum, en ekki umfram það sem dugði til greiðslu skiptakostnaðar, og lauk skiptum 14. október 2003 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Úrskurðard. gjaldþrsk.:** | **Fjárhæð lýstra krafna kr.:** |
|---|---|---|
| Símamiðlun ehf., kt. 410897-2969, Smiðsbúð 8, Garðabæ | héraðsdómur Reykjaness 7. maí 2003 | 32.697.479 |
| (12665 | | |
| Ólafur Gunnarsson, kt. 050958-4859, Framnesvegi 44, Reykjavík | héraðsdómur Reykjavíkur 24. mars 2003 | 35.519.376 |
| (12666 | | |
| Service Club á Íslandi, kt. 510400-4370, Reykjavík | héraðsdómur Reykjavíkur 24. mars 2003 | 2.633.114 |
| (12667 | | |

Reykjavík, 20. október 2003.
**Hjördís E. Harðardóttir** hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. september 2002 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið þann 25. september 2003, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

# Tilkynning

## frá Fjármálaeftirlitinu

*1. Rekstrarfélag verðbréfasjóða veitt starfsleyfi.*

Með vísan til 6. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, tilkynnist hér með að Landsvaki hf., kt. 700594-2549, Laugavegi 77, Reykjavík, hefur frá 28. október 2003 fengið starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða.

Starfsleyfi Landsvaka hf. tekur til reksturs verðbréfasjóða skv. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. og eignastýringar skv. b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 27. gr. laga nr. 161/2002.

Er félaginu heimilt samkvæmt framangreindum ákvæðum að sinna rekstri verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu auk þess að sinna eignastýringu fyrir einstaklinga og lögaðila.

*2. Staðfesting á fjárfestingarsjóði.*

Með vísan til 2. mgr. 7. gr., sbr. 52. gr. og ákvæði II til bráðabirgða við lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði tilkynnir Fjármálaeftirlitið hér með að Fjármálaeftirlitið hefur þann 28. október 2003 veitt Landssjóði 2 staðfestingu sem fjárfestingarsjóður, samkvæmt III. kafla A laganna, sem hefur starfsleyfi án heimildar til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 2. tl. 2. gr. laganna.

Rekstrarfélag sjóðsins er Landsvaki hf. og vörslufyrirtæki sjóðsins er Landsbanki Íslands hf.

*3. Staðfesting á nýrri sjóðsdeild verðbréfasjóðsins Landssjóðs.*

Með vísan til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði tilkynnist hér með að Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt II. kafla A laganna þann 28. október 2003 staðfest nýja sjóðsdeild innan Landssjóðs - Landsbanki Global Equity Fund. Landssjóður er verðbréfasjóður skv. 1. tölul. 2. gr. laganna og hefur heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjármálaeftirlitið,
**Páll Gunnar Pálsson.**
**Þórarinn Þorgeirsson.**

12803)

| **Nafn bús:** | **Fjárhæð lýstra krafna kr.:** |
|---|---|
| Fiskvinnslan Bára ehf., kt. 650500-2880, Strandgötu 6-8, Sandgerði | 5.666.495 |

Hafnarfirði, 25. september 2003.
**Ingi H. Sigurðsson** hdl.,
skiptastjóri

(12692

# Áskorun

## til rétthafa skv. 2. mgr. 38. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Þann 21. febrúar 1984 gaf Hallgrímur Arason, kt. 100643-3759, Hafnarstræti 92, Akureyri, út veðskuldabréf til handhafa að fjárhæð kr. 433.000 og skyldi bréfið greiðast með 5 afborgunum á tólf mánaða fresti í fyrsta skipti 15. febrúar 1985. Til tryggingar greiðslu bréfsins var fasteignin Furulundur 7c, Akureyri, ásamt tilheyrandi lóð, sett að veði. Bréfið var móttekið til þinglýsingar 22. febrúar 1984 og það auðkennt í þinglýsingabók nr. 1077/1984. Útgefandi bréfsins, og núverandi eigandi fasteignarinnar Guðrún Ófeigsdóttir, kt. 130745-7769, staðhæfa að það sé að fullu greitt, en finnist ekki þrátt fyrir ítarlega leit.

Að beiðni eiganda fasteignarinnar er skorað á rétthafa fyrrgreinds veðskuldabréfs að halda fram rétti sínum með tilkynningu til þinglýsingardeildar embættisins innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar, að öðrum kosti verður því aflýst.

Akureyri, 17. október 2003.
Sýslumaðurinn á Akureyri,
**Sigurður Eiríksson** fulltrúi.

(12738 c

# Kaupmálar

## Hafnarfjörður

Í októbermánuði 2003 voru kaupmálar færðir í kaupmálaskrá ráðuneytisins skv. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Viðtökudags hjá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði er getið innan sviga:

Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, kt. 100455-3239, Steinási 13, Garðabæ og Þórhallur Ólafsson, kt. 150552-5679, s.st. (22. september 2003).

María Alfreðsdóttir, kt. 160952-3509, Ögurási 6, Garðabæ og Guðmundur Bjarnason, kt. 110453-2569, Hrannargötu 4, Reykjanesbæ. (23. september 2003).

Guðlaug Sigurðardóttir, kt. 210447-7419, Suðurvangi 23b, Hafnarfirði og Hans Hoffmann Þorvaldsson, kt. 061146-7849, s.st. (30. september 2003).

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
23. október 2003.

(12734

# Firmaskrá

## Akureyri

Hér með tilkynnist til firmaskrár sýslumannsins á Akureyri að **Berki sf.**, Akureyri, kt. 450271-0209, Eskiholti 6, 210 Garðabæ, var slitið þann 19. september 2003 og óskast það því afmáð úr firmaskránni.

Garðabæ, 22. september 2003.
Þorsteinn A. Pétursson,
kt. 110461-4109.

(12675

# Hlutafélagaskrá

## Samrunatilkynning

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl.

*Yfirtökufélag:* Kjölur ehf., kt. 490272-5349, Urðarvegi 37, 400 Ísafirði.

*Yfirtekin félög:* Konráð G. Eggertsson ehf., kt. 460602-4240, s.st.

Guðmundur E. Konráðsson ehf., kt. 460602-4670, Góuholti 6, 400 Ísafirði.

*Uppgjörsdagur:* 1. janúar 2003. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirteknu félaganna sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvers samrunafélags fyrir sig.

Reykjavík, 30. október 2003.
**Ríkisskattstjóri,**
**hlutafélagaskrá.**

(12864

# Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala

Hinn 20. þ.m. lagði Sigurberg Guðjónsson, kt. 110347-2519, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, inn til ráðuneytisins réttindi sín til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
21. október 2003.

(12691

# Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Hinn 23. október 2003 veitt ráðuneytið Sif Traustadóttur, kt. 160973-3909, leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

**Landbúnaðarráðuneytinu,**
27. október 2003.

(12768

**Lögbirtingablað,**
147. tölublað 2003.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg